



Áhrif Blönduvirkjunar á upplifun ferðamanna



Anna Dóra Sæþórsdóttir,
Anna Mjöll Guðmundsdóttir
Þorkell Stefánsson

2. útgáfa maí 2017

© Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson.

Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Forsíðumynd er af Blöndulóni. Ljósmynd: Bjarki Kaldalóns Friis.

Prentun: Háskólaprent ehf.

ISBN: 978-9935-9316-9-6

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	iii
Töfluskrá.....	v
1 Inngangur.....	1
2 Maður og náttúra.....	2
3 Gögn og aðferðir.....	5
3.1 Virkjunarsvæðið við Blöndu.....	5
3.2 Spurningalistakönnun og greining gagna.....	7
3.3 Gagnasöfnun.....	8
3.4 Rannsóknarsvæðið.....	10
4 Niðurstöður.....	12
4.1 Einkenni svarenda.....	12
4.2 Aðdráttarafl svæðisins og upplifun/ánægja ferðamanna.....	16
4.2.1 Náttúrulegt svæði.....	17
4.2.2 Kyrrt svæði.....	18
4.2.3 Aðgengilegt svæði.....	19
4.2.4 Fallegt svæði.....	20
4.2.5 Ánægja með dvölinu á svæðinu.....	21
4.2.6 Ánægja með náttúru svæðisins.....	22
4.3 Viðhorf ferðamanna til víðerna.....	23
4.4 Viðhorfskvarðinn.....	25
4.4.1 Að upplifa óraskaða náttúru.....	28
4.4.2 Kyrrð og ró.....	29
4.4.3 Skoðunarverðir staðir merktir.....	30
4.4.4 Engin ummerki um utanvegaakstur.....	31
4.4.5 Ónæði af flugumferð.....	32
4.4.6 Merktar gönguleiðir.....	33
4.4.7 Ganga án þess að sjá mannvirki.....	34
4.4.8 Fáir aðrir ferðamenn.....	35
4.4.9 Ummerki eftir aðra ferðamenn.....	36
4.4.10 Skipulögð tjaldsvæði.....	37
4.4.11 Göngubrýr.....	38
4.4.12 Lagðir göngustígar.....	39
4.4.13 Áningarstaðir.....	40
4.4.14 Tjalda án þess að verða var við aðra.....	41
4.4.15 Tjalda hvar sem er innan svæðis.....	42
4.5 Almenn viðhorf til uppbyggingar orkumannvirkja.....	43
4.5.1 Frekari lagning raflína á hálendinu.....	44
4.5.2 Vindmyllur á hálendinu.....	45
4.5.3 Frekari lagning raflína á láglandi.....	46
4.5.4 Vindmyllur á láglandi.....	47
4.5.5 Frekari uppbygging vatnsaflsvirkjana á hálendinu.....	48
4.5.6 Jarðvarmavirkjanir á hálendinu.....	49
4.5.7 Uppistöðulón á hálendinu.....	50
4.5.8 Frekari uppbygging vatnsaflsvirkjana á láglandi.....	51
4.5.9 Uppistöðulón á láglandi.....	52
4.5.10 Frekari uppbygging jarðvarmavirkjana á láglandi.....	53
4.6 Æskileg mannvirki á svæðinu.....	54

4.6.1	Fjallaskálar.....	55
4.6.2	Tjaldstæði.....	56
4.6.3	Óuppbyggðir malarvegir.....	57
4.6.4	Salerni.....	58
4.6.5	Uppbyggðir malarvegir.....	59
4.6.6	Akbryr yfir vatnsföll.....	60
4.6.7	Uppistöðulón.....	61
4.6.8	Jarðvarmavirkjanir.....	62
4.6.9	Vatnsaflsvirkjanir.....	63
4.6.10	Heilsársvegur.....	64
4.6.11	Slitlagðir vegir.....	65
4.6.12	Gestastofa.....	66
4.6.13	Matsala.....	67
4.6.14	Bensínstöðvar.....	68
4.6.15	Raflínur.....	69
4.6.16	Fjarskiptamöstur.....	70
4.6.17	Vindmyllur.....	71
4.6.18	Verslanir og veitingastaðir.....	72
4.6.19	Hótel.....	73
4.7	Áhugi á heimsókn í gestastofur virkjana.....	74
4.8	Áhrif frekari orkunýtingar á áhuga ferðamanna á annarri Íslandsheimsókn.....	75
4.9	Áhrif Blönduvirkjunar á áhuga á að ferðast um svæðið.....	76
4.10	Áhrif Blönduvirkjunar og meðfylgjandi mannvirkja á upplifun ferðamanna.....	77
4.10.1	Áhrif lóna á upplifun.....	78
4.10.2	Áhrif malarvegjar á upplifun.....	79
4.10.3	Áhrif malbikaðs vegar á upplifun.....	80
4.10.4	Áhrif skurða á upplifun.....	81
4.10.5	Áhrif stíflu á upplifun.....	82
4.10.6	Áhrif raflína á upplifun.....	83
5	Umræður og ályktanir.....	84
6	Samantekt.....	89
7	Heimildir.....	90
	Viðauki.....	93

Myndaskrá

1. mynd. Viðerniskvarðinn.....	4
2. mynd. Blönduvirkjun séð frá norðurhluta Kjalvegjar og upplýsingaskilti við veginn fyrir ofan Blönduvirkjun.....	6
3. mynd. Uppistöðulón séð frá Kjalvegi.....	6
4. mynd. Stíflur í Blöndulóni séð frá Kjalvegi.....	6
5. mynd. Rafflínur við Kjalveg og háspennulínur norðan við Blönduvirkjun.....	7
6. mynd. Veituskurður úr Blöndulóni yfir í Þrístiklu og mannvirki séð frá Kjalvegi.....	7
7. mynd. Staðsetning spyrna við norðurenda rannsóknarsvæðis við Blönduvirkjun og suðurenda rannsóknarsvæðisins á Kjalvegi.....	10
8. mynd. Kort af rannsóknarsvæðinu.....	11
9. mynd. Aldursflokkar ferðamanna við Blöndu (%).....	12
10. mynd. Hefur þú komið á svæðið áður? (%).....	12
11. mynd. Ferðamenn á ferð yfir Kjalveg (%).....	12
12. mynd. Þjóðerni ferðamanna við Blöndu (%).....	13
13. mynd. Störf ferðamanna á svæðinu við Blöndu (%).....	13
14. mynd. Ferðamáti ferðamanna á svæðinu við Blöndu (%).....	14
15. mynd. Ferðafélagar ferðamanna við Blöndu (%).....	14
16. mynd. Afþreyinging ferðamanna við Blöndu (%).....	14
17. mynd. Gistisvæði ferðamanna nóttina fyrir og eftir komuna að Blöndu.....	15
18. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu?.....	16
19. mynd. Manngert eða náttúrulegt svæði.....	17
20. mynd. Hávært eða kyrrt svæði.....	18
21. mynd. Afskekkt eða aðgengilegt svæði.....	19
22. mynd. Ljótt eða fallett svæði.....	20
23. mynd. Ánægja með dvölinu á svæðinu.....	21
24. mynd. Ánægja með náttúru svæðisins.....	22
25. mynd. Ósnortin víðerni hluti af aðdráttarafli svæðisins.....	23
26. mynd. Kom til að upplifa ósnortin víðerni.....	23
27. mynd. Áhrif mannvirkja, sem sjást ekki en vitað er af, á upplifun ferðamanna á víðernum við Blönduvirkjun.....	24
28. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni að mati ferðamanna við Blönduvirkjun.....	24
29. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni? – borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar.....	25
30. mynd. Skipting ferðamanna við Blöndu með hliðsjón af viðhorfskvarðanum – Borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar.....	26
31. mynd. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?.....	27
32. mynd. Mikilvægi þess að upplifa óraskaða náttúru.....	28
33. mynd. Mikilvægi þess að hægt sé að njóta kyrrðar.....	29
34. mynd. Mikilvægi þess að skoðunarverðir staðir séu merktir.....	30
35. mynd. Mikilvægi þess að sjá ekki ummerki um utanvegaakstur.....	31
36. mynd. Mikilvægi þess að verða ekki fyrir ónæði af flugumferð.....	32
37. mynd. Mikilvægi merktra gönguleiða.....	33
38. mynd. Mikilvægi þess að ganga án þess að sjá mannvirki (önnur en fjallaskála).....	34
39. mynd. Mikilvægi þess að það séu fáir aðrir ferðamenn.....	35
40. mynd. Mikilvægi þess að sjá engin ummerki eftir aðra ferðamenn.....	36
41. mynd. Mikilvægi skipulagðra tjaldsvæða.....	37
42. mynd. Mikilvægi göngubrúa.....	38
43. mynd. Mikilvægi lagðra göngustíga.....	39
44. mynd. Mikilvægi áningarstaða (bekkja og borða).....	40
45. mynd. Mikilvægi þess að tjalda án þess að verða var við aðra.....	41

46. mynd. Mikilvægi þess að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins.	42
47. mynd. Viðhorf til orkumannvirkja á hálendi og láglendi.	43
48. mynd. Viðhorf til raflína á hálendinu.	44
49. mynd. Viðhorf til vindmylla á hálendinu.	45
50. mynd. Viðhorf til raflína á láglendi.	46
51. mynd. Viðhorf til vindmylla á láglendi.	47
52. mynd. Viðhorf til vatnsaflsvirkjana á hálendinu.	48
53. mynd. Viðhorf til jarðvarmavirkjana á hálendinu.	49
54. mynd. Viðhorf til uppistöðulóna á hálendinu.	50
55. mynd. Viðhorf til frekari uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á láglendi.	51
56. mynd. Viðhorf til uppistöðulóna á láglendi.	52
57. mynd. Viðhorf til jarðvarmavirkjana á láglendi.	53
58. mynd. Viðhorf til mannvirkja.	54
59. mynd. Viðhorf til fjallaskála.	55
60. mynd. Viðhorf til tjaldstæða.	56
61. mynd. Viðhorf til óuppbyggðra malarvega.	57
62. mynd. Viðhorf til salerna.	58
63. mynd. Viðhorf til uppbyggðra malarvega.	59
64. mynd. Viðhorf til akbrúa yfir vatnsföll.	60
65. mynd. Viðhorf til uppistöðulóna.	61
66. mynd. Viðhorf til jarðvarmavirkjana.	62
67. mynd. Viðhorf til vatnsaflsvirkjana.	63
68. mynd. Viðhorf til heilsársvegjar.	64
69. mynd. Viðhorf til slitlagðra vega.	65
70. mynd. Viðhorf til gestastofu.	66
71. mynd. Viðhorf til matsölu.	67
72. mynd. Viðhorf til bensínstöðva.	68
73. mynd. Viðhorf til raflína.	69
74. mynd. Viðhorf til fjarskiptamastra.	70
75. mynd. Viðhorf til vindmylla.	71
76. mynd. Viðhorf til verslana og veitingastaða.	72
77. mynd. Viðhorf til hótela.	73
78. mynd. Áhugi á að heimsækja gestastofur virkjana.	74
79. mynd. Áhrif frekari orkunýtingar á líkur á annarri Íslandsheimsókn.	75
80. mynd. Áhrif Blönduvirkjunar á áhuga ferðamanna á svæðinu.	76
81. mynd. Áhrif meðfylgjandi mannvirkja Blönduvirkjunar á upplifun ferðamanna.	77
82. mynd. Áhrif lóna á upplifun ferðamanna.	78
83. mynd. Áhrif malarvegjar á upplifun ferðamanna.	79
84. mynd. Áhrif malbikaðs vegjar á upplifun ferðamanna.	80
85. mynd. Áhrif skurða á upplifun ferðamanna.	81
86. mynd. Áhrif stíflu á upplifun ferðamanna.	82
87. mynd. Áhrif raflína á upplifun ferðamanna.	83

Töfluskra

1. tafla. Manngert eða náttúrulegt svæði, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	17
2. tafla. Hávært eða kyrrt svæði, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	18
3. tafla. Afskekkt eða aðgengilegt svæði, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	19
4. tafla. Ljótt eða fallett svæði, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	20
5. tafla. Ánægja með dvölinu á svæðinu, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	21
6. tafla. Ánægja með náttúru svæðisins, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	22
7. tafla. Mikilvægi þess að upplifa óraskaða náttúru, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	28
8. tafla. Mikilvægi þess að hægt sé að njóta kyrrðar, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	29
9. tafla. Mikilvægi þess að skoðunarverðir staðir séu merktir, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	30
10. tafla. Mikilvægi þess að sjá ekki ummerki um utanvegaakstur, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	31
11. tafla. Mikilvægi þess að verða ekki fyrir ónæði af flugumferð, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	32
12. tafla. Mikilvægi merktra gönguleiða, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	33
13. tafla. Mikilvægi þess að ganga án þess að sjá mannvirki (önnur en fjallaskála), borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	34
14. tafla. Mikilvægi þess að það séu fáir aðrir ferðamenn, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	35
15. tafla. Mikilvægi þess að sjá ekki ummerki eftir aðra ferðamenn, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	36
16. tafla. Mikilvægi skipulagðra tjaldsvæða, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	37
17. tafla. Mikilvægi göngubrúa, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	38
18. tafla. Mikilvægi lagðra göngustíga, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	39
19. tafla. Mikilvægi áningastaða (bekkja og borða), borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	40
20. tafla. Mikilvægi þess að tjalda án þess að verða var við aðra, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	41
21. tafla. Mikilvægi þess að geta tjaldað hvar sem er innan svæðisins, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	42
22. tafla. Viðhorf til raflína á hálendinu, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	44
23. tafla. Viðhorf til vindmylla á hálendinu, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	45
24. tafla. Viðhorf til raflína á láglandi, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	46
25. tafla. Viðhorf til vindmylla á láglandi, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	47

26. tafla. Viðhorf til vatnsaflsvirkjana á hálendinu, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	48
27. tafla. Viðhorf til jarðvarmavirkjana á hálendinu, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	49
28. tafla. Viðhorf til uppistöðulóna á hálendinu, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	50
29. tafla. Viðhorf til vatnsaflsvirkjana á láglandi, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	51
30. tafla. Viðhorf til uppistöðulóna á láglandi, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	52
31. tafla. Viðhorf til jarðvarmavirkjana á láglandi, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	53
32. tafla. Viðhorf til fjallaskála, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	55
33. tafla. Viðhorf til tjaldstæða, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	56
34. tafla. Viðhorf til úppbyggðra malarvega, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	57
35. tafla. Viðhorf til salerna, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	58
36. tafla. Viðhorf til uppbyggðra malarvega, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	59
37. tafla. Viðhorf til akbrúa yfir vatnsföll, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	60
38. tafla. Viðhorf til uppistöðulóna, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	61
39. tafla. Viðhorf til jarðvarmavirkjana, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	62
40. tafla. Viðhorf til vatnsaflsvirkjana, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	63
41. tafla. Viðhorf til heilsársvegjar, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	64
42. tafla. Viðhorf til slitlagðra vega, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	65
43. tafla. Viðhorf til gestastofu, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	66
44. tafla. Viðhorf til matsölu, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	67
45. tafla. Viðhorf til bensinstöðva, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	68
46. tafla. Viðhorf til raflína, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	69
47. tafla. Viðhorf til fjarskiptamastra, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	70
48. tafla. Viðhorf til vindmylla, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	71
49. tafla. Viðhorf til verslana og veitingastaða, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	72
50. tafla. Viðhorf til hótela, borið saman við gögn úr 3. áfanga rammaáætlunar og greint eftir hópum.	73
51. tafla. Áhugi á að heimsækja gestastofur virkjana, greint eftir hópum.	74
52. tafla. Áhrif frekari orkunýtingar á líkur á annarri Íslandsheimsókn, greint eftir hópum.	75
53. tafla. Áhrif Blönduvirkjunar á áhuga ferðamanna á svæðinu, greint eftir hópum.	76
54. tafla. Áhrif lóna á upplifun ferðamanna, greint eftir hópum.	78

55. tafla. Áhrif malarvegjar á upplifun ferðamanna, greint eftir hópum.....	79
56. tafla. Áhrif malbikaðs vegar á upplifun ferðamanna, greint eftir hópum.	80
57. tafla. Áhrif skurða á upplifun ferðamanna, greint eftir hópum.	81
58. tafla. Áhrif stíflu á upplifun ferðamanna, greint eftir hópum.	82
59. tafla. Áhrif raflína á upplifun ferðamanna, greint eftir hópum.....	83

Formáli

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna í nágrenni Blönduvirkjunar við norðanverðan Kjalveg sumarið 2016. Verkefnið var unnið fyrir Landsvirkjun sem hafði áhuga á að vita hvernig ferðamenn upplifa virkjunarsvæðið og hvort munur væri á viðhorfi ferðamanna á svæði þar sem búið er að reisa virkjun og á svæðum þar sem uppi væru hugmyndir um að reisa virkjun. Í því skyni eru niðurstöðurnar frá svæðinu við Blönduvirkjun bornar saman við niðurstöður sambærilegra kannana sem gerðar voru sumarið 2015 á sjö svæðum á landinu (í Skagafirði, við Skjálfandafljót, Skaftá, Hagavatn, Nýjadal, Seltún og Trölladyngju) og voru til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar (vernd- og orkunýtingaráætlun).

Fjölmargir hafa starfað við verkefnið og kann ég þeim öllum þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Silju Gunnarsdóttur og Sigurbjörgu Eðvarðsdóttur er þökkun rökleg framganga við að dreifa spurningalistum til ferðamanna. Sigurbjörgu er jafnframt þökkun þýðing á opnum spurningum á frönsku og þýsku. Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Hulda Þorsteinsdóttir sáu um innslátt gagnanna. Adam Hoffritz er þökkun kortagerð. Þorkell Stefánsson sá um tölfræðilega úrvinnslu og gerð mynda og taflna skýrslunnar. Anna Mjöll, Þorkell og verkefnisstjóri skrifuðu skýrsluna. Ingibjörg Elsa Björnsdóttir las yfir handritið og veitti góð ráð varðandi málfar. Þeim sem svöruðu spurningalistunum er þökkun aðstoðin.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

1 Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna við norðanverðan Kjalveg sumarið og haustið 2016. Markmið rannsóknarinnar er að meta áhrif Blöndustöðvar og meðfylgjandi mannvirkja á upplifun ferðamanna á svæðinu og hvort munur sé á viðhorfi þeirra og ferðamanna á öðrum stöðum þar uppi eru hugmyndir um að reisa virkjun. Í því skyni eru niðurstöðurnar frá svæðinu við Blönduvirkjun bornar saman við niðurstöður sambærilegra kannana sem gerðar voru sumarið 2015 á sjö svæðum á landinu (í Skagafirði, við Skjálfandafljót, Skaftá, Hagavatn, Nýjadal, Seltún og Trölladyngju) og voru til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar (vernd- og orkunýtingaráætlun).

Leitast er við að varpa ljósi á:

- a. Hvernig ferðamenn upplifa svæðið í kringum Blönduvirkjun.
- b. Hversu ánægðir ferðamenn eru með ferð sína um svæðið.
- c. Hvert aðdráttarafl svæðisins sé fyrir ferðamenn og hvort víðerni/ósnortin/lítt snortin náttúra séu hluti af aðdráttaraflinu.
- d. Viðhorf ferðamanna til virkjunar á svæðinu.
- e. Hvort ferðamenn taki eftir virkjunarmannvirkjum á leið sinni? Ef svo er, þá hvaða mannvirkjum.
- f. Viðhorf ferðamanna til virkjana hér á landi.
- g. Hvort munur sé á viðhorfi ferðamanna til fyrrgreindra spurninga greint eftir helstu bakgrunnsbreytum (t.d. þjóðerni, aldri, kyni, ferðamynstri, árstíma).
- h. Hvort munur sé á viðhorfi ferðamanna á svæðinu í kringum virkjunarsvæði Blöndu og á svæðunum sjö sem voru til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar.

Í öðrum kafla skýrslunnar er fjallað um hugtökin víðerni og miðhálandi og hvernig viðhorf manna til náttúrunnar hefur breyst í aldanna rás. Í þriðja kafla er lýsing á rannsóknasvæðinu og mannvirkjum sem fylgja Blönduvirkjun auk þess sem gerð er grein fyrir aðferðum sem beitt var við gerð könnunarinnar og gagnavinnslu. Í fjórða kafla er ítarleg greining á niðurstöðum spurningakönnunarinnar og í síðasta kaflanum eru helstu niðurstöður dregnar fram og þær skoðaðar í samhengi við fræðilega kaflann um mann og náttúru.

2 Maður og náttúra

Miðhálandi Íslands er í almennu tali notað yfir þann hluta landsins sem liggur inn af byggðum þess og er án búsetu manna. Fáir vita þó eflaust nákvæmlega hvernig svæðið afmarkast samkvæmt stjórnunarlegu skipulagi þess. Það afmarkaðast í megindráttum af mörkum heimalanda og afrétta en við gerð svæðisskipulags fyrir miðhálandið var dregin lína sem afmarkar það (Umhverfissráðuneytið & Skipulagstofnun, 1999). Sú lína liggur um mitt virkjunarsvæði Blöndu og því er hluti af svæðinu sem er til umfjöllunar í þessari skýrslu innan miðhálandisins. Rannsóknir meðal ferðamanna hér á landi hafa leitt í ljós að víðerni eru mikilvægur hluti aðdráttarafls ferðamannastaða á miðhálandinu (sjá t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012; Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir & Þorkell Stefánsson, 2015). Umhverfisstofnun (2009) kortlagði ósnortin víðerni Íslands og mat að þau þekji um 38% landsins en samkvæmt kortlagningu Rannveigar Ólafsdóttur og Micael Runnström (2010) eru víðerni tæplega 34% af heildarflatarmáli landsins. Stærsti hluti víðernanna er á miðhálandinu og er stór hluti þeirra jöklar.

Hugtakið víðerni hefur gjarnan verið notað yfir svæði sem mannfólkið hefur ekki lagt undir sig og athafnir sínar. Það er gjarnan skilgreint á hlutlægan hátt t.d. út frá lagabókstafnum eða sérstökum eðlisrænum einkennum. Bandaríkjamaðurinn Robert Nash (2001, bls. 3) hefur fjallað mikið um víðerni en hann skilgreinir víðerni (e. wilderness) sem „*uncultivated and otherwise undeveloped land. The absence of men and the presence of wild animals is assumed*“. Þessi tvíhyggja sem skilgreining Nash endurspeglar og felst í aðgreiningu á milli náttúrunnar og samfélags manna sem hefur átt sér stað í aldanna rás (Oelschlaeger, 1991). Fyrsta skrefið í þá átt var tekið fyrir um 10.000 árum þegar landbúnaðarbylgingin átti sér stað. Þá áttu fyrstu stóru breytingarnar á vistkerfum jarðar af mannavöldum sér stað, við það að mennirnir fóru að ryðja land til jarðyrkju, rækta plöntur og halda húsdýr. Annað skref sem jók við aðgreiningu manna og náttúru var stigið á tímum Endurreisnarinnar og Upplýsingastefnunnar þegar vísindaleg þekking varð nýtt „vopn“ í baráttu mannsins við náttúruna og gaf mönnum meiri völd til þess að ríkja yfir náttúrunni. Náttúran var hinn eðlisfræðilegi heimur og var viðfang rannsókna en var ekki aðlaðandi í sjálfu sér (Oelschlaeger, 1991). Sú hugmynd var ríkjandi að frjósamt og nýtanlegt land væri fagurt, en ónýtanlegt land væri ljótt og óaðlaðandi (Hall & Frost, 2009). Ríkjandi hugmynd Evrópubúa fram á átjándu öld var að óbyggðir væru fjandsamlegar, á þeim ríkti bölvun og þær voru jafnvel taldar sköpunarverk Kölska. Orðið óbyggðir var yfirleitt notað til að lýsa auðnum, ófrjóu landslagi, frumstæðu og óbyggilegu landssvæði. Óbyggðir voru utan öruggra marka mannlegrar búsetu (Cronon, 1998; Tuan, 1990).

Rómantíska stefnan hófst á síðari hluta átjándu aldar í Evrópu sem andstaða gegn ríkjandi hugmyndum Endurreisnarinnar og fékk meðbyr á tímum iðnbyltingarinnar þegar menn sáu heilu sveitahéruðin umbreytast í iðnaðarlandslag með kolanámum, kolaknúnum verksmiðjum og meðfylgjandi borgarmyndun (Macnaghten & Urry, 1998). Í anda rómantísku stefnunnar fóru menn að sjá fegurð í villtri náttúru og fjalllendi og tóku þá hana fram yfir fegurð hefðbundinnar náttúru (Nash, 2001). Fleira stuðlaði að þessari viðhorfsbreytingu eins og t.d. framþróun í samgöngum, sérstaklega tilkoma járnbrautalesta sem gerðu fjalllendi aðgengilegri og þar með breyttist tilfinningin gagnvart fjalllendi sem varð minna ógnvekjandi (Tuan, 1990). Einnig varð vinsælt að ferðast um í

lestum til að horfa út um glugga þeirra. Ferðamenn urðu þar með neytendur útsýnisins og fóru að upplifa náttúruna sem fagurt útsýni (Cosgrove, 1984).


Nítjándi öldin var eitt myndrænasta tímabil vestrænnar menningar og náttúran fór í auknum mæli að þjóna því hlutverki að vera eitthvað til að horfa á. Farið var að nota hana á póstkortum, í leiðsagnarritum og á tækifærismyndum (Macnaghten & Urry, 1998). Þessi sjónræna verðmætisaukning náttúrunnar varð svo stór þáttur í evrópskri og amerískri menningu að hún lagði grunninn að stofnun þjóðgarða og verndun víðerna í Bandaríkjunum (Nash, 2001) og annars staðar í hinum vestræna heimi (Frost & Hall, 2009). Elsti þjóðgarður heims, Yellowstone-þjóðgarðurinn, var stofnaður árið 1872 og var fyrsti staður í heimi þar sem stór óspillt svæði, svokölluð víðerni, voru friðlýst (Nash, 2001). Árið 1964 voru samþykkt lög um víðerni (e. *The Wilderness Act*) en samkvæmt þeim er lágmarksstærð víðerna rúmlega 20 km² þar sem öll mannleg ummerki eru bönnuð, þar með talið vatnsaflsvirkjanir, skógarhögg, námuvinnsla og vegir auk þess sem vélknúin umferð er bönnuð. Gönguferðir, hestaferðir og veiðar eru hins vegar leyfðar auk þess sem ferðalangar eiga að geta upplifað einveru og áskorun.

Á seinni hluta sjöunda áratugar og á áttunda áratug tuttugustu aldar komust víðernin í tísku og fleiri lögðu leið sína þangað (Nash, 2001). Ýmsar ástæður eru fyrir mikilli fjölgun ferðamanna á víðernum. Þar má t.d. nefna samfélagsbreytingar eins og hærra menntunarstig, hækkandi ráðstöfunartekjur, aukinn hreyfanleika og vaxandi áhuga á umhverfismálum og útivist. Einnig má nefna þróun á ferðavörum sem gerir þær léttari og auðveldari í notkun, það á t.d. við um tjöld, þurrmat og fatnað (Hendee, Stankey & Lucas, 1990).

Nú á tímum eru víðerni talin mjög verðmæt fyrir náttúruferðamennsku en óspillt náttúra er takmörkuð auðlind sem á stöðugt undir högg að sækja vegna vaxandi umsvifa manna (sjá t.d. Boyd og Butler, 2009; Fredman og Sandell, 2009; Hall o.fl., 2009; Talbot, 1998). Áfangastaðir með einstætt og tiltölulega óspillt umhverfi geta aukið samkeppnisyfirburði sína með því að staðsetja sig á markaðshillu náttúruskoðunarstaða en því er spáð að verðmæti slíks umhverfis fyrir ferðaþjónustuna eigi eftir að aukast á næstu áratugum (Ritchie & Crouch, 2005). Undanfarin áratug hefur eftirspurn eftir náttúruferðamennsku aukist um 20% á ári og er nú um 10-30% af ferðamarkaði veraldar (sjá t.d. Buckley, 2009; Hall, Müller, & Saarinen, 2009; Lovelock & Lovelock, 2013). Hugtakið náttúruferðamennska nær yfir þá ferðamennsku sem stunduð er í náttúrunni þar sem meginmarkmið ferðamanna er að njóta náttúrunnar og upplifa náttúru og landslag (Boyd & Hall, 2005; Fennell, 2003; Fredman & Tyrväinen, 2010; Goodwin, 1996). Náttúruferðamennska byggir á fjölbreytilegri náttúruupplifun og er almennt meira háð gæðum umhverfisins en aðrar tegundir ferðamennsku (Fredman & Tyrväinen, 2010). Gæði umhverfisins fyrir náttúruferðamennsku eru gjarnan metin út frá tvennu. Annars vegar út frá því hversu náttúrulegt (e. *naturalness*) umhverfið er og hins vegar út frá því hversu aðgengilegt svæðið er (e. *remoteness*). Víðerni (e. *wilderness*) eru venjulega talin mest náttúruleg allra svæða og eru gæði víðerna talin aukast eftir því sem svæði eru náttúrulegri og óaðgengilegri (Hall, 1992; Lesslie & Taylor, 1983). Þessi atriði hafa verið dregin fram á svokölluðum víðerniskvarða (e. *wilderness continuum*) sem lýsa gæðum víðerna sem samfellu frá afskekktum og náttúrulegum svæðum, þar sem gæði víðerna eru mest, til borgarumhverfis þar sem ekki er um víðerni að ræða (1. mynd).

Rannsókn á reynslu manna af víðernum sýnir að manngerðar byggingar og mannvirki draga umtalsvert úr upplifun víðerna sem ósnortinna. Hvers konar mannvirki er um að ræða virðist ekki skipta máli. Hvort þau tengjast

ferðalögum eða útivist, eða hvort þau tengjast iðnaði eins og t.d. stíflur og vatnsaflsvirkjanir (Hallikainen, 2000; Johnson, Hall & Cole, 2005; Manning, 1999; Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2010a, 2010b). En þetta mál er flókið og Saarinen (1998) hefur bent á að það sem hver ferðalangur telur rétta landnotkun í óbyggðum byggir á gildismati ferðamannsins og tengslum hans sjálfs við svæðið (Anna Dóra Sæþórsdóttir & Jarkko Saarinen, 2016).



1. mynd. Víðerniskvarðinn.
Heimild: Hall, 1992.

Sum svæði hafa táknræna merkingu í hugum fólks og má almennt búast við mikilli andstöðu við raforkumannvirki á svæðum sem fólk álítur náttúruleg eða óspillt (Devine-Wright & Howes, 2010; Furby o.fl., 1988). Rannsóknir sem tengjast skynjun á landslagi leiða í ljós að fólk tengir sjónræn gæði/ fegurð landslags oft við hversu náttúrulegt það telur svæðið vera. Mannvirki eins og t.d. raflínur sem þykja ekki passa inn í landslagið draga á hinn boginn úr fegurð svæða (Tveit, Sang & Fry, 2006). Því má búast við harðari andstöðu við uppbyggingu virkjana á svæðum þar sem gæði landslags eru talin vera mikil (Nadaï & van der Horst, 2010) en síður á svæðum þar sem önnur mannvirki eru fyrir (Devine-Wright & Batel, 2013).

Sumir (sjá t.d. Karl Benediktsson, 2007; Castree, 2005; Cronon, 1998) hafa gagnrýnt þá tvíhyggju sem einkennir umræðuna hér að framan og hafa bent á að mörkin á milli manns og náttúru, það er að segja heims manna og náttúrulegs umhverfis, séu ekki svo skýr að hægt sé að draga svæði í dilka eftir því hvort þau séu umhverfi manna eða náttúruleg. Einnig hefur verið bent á að hið „náttúrulega“ sé mótað af félags-, menningar- og efnahagslegum gjörðum. Dreigið hefur verið í efa hversu náttúruleg náttúran er, en í því samhengi er talað um að hugtökin náttúra og víðerni hafi verið afbyggð (*de-constructed*) og verufræðilegri tilveru þeirra hafnað (Dear, 1994; Proctor, 1998; Woolgar, 1988). Með hliðsjón af þessari hugmynd er bent á að einstaklingar og hópar, eins og t.d. útivistariðkendur, ferðamenn og ferðaþjónustan, byggi upp skynjaðan eða huglægan veruleika sinn og að því leiti sé hugmyndin um náttúru og víðerni félagsleg smíð (*socially constructed*) (Callicott & Nelson, 2008; Cronon, 1998; Demeritt, 2002; Pickerill, 2008; Williams, 2002). Þannig kemur fólk aldrei til leiks með tóman huga og eru viðhorf fólks til náttúrunnar háð þeim hugmyndum sem það hefur fyrirfram. Proctor (1998) hefur enn fremur bent á að framsetning (*representations*) á náttúrunni segi oftast meira um þá sem lýsa henni en „náttúruna“ sem þeir lýsa. Skynjun okkar og skilningur sem og lýsing á náttúrunni er aldrei hlutlaus heldur á sér stað í ákveðnu menningarlegu samhengi og er því ávalt hlaðin menningarbundinni merkingu (Castree, 2005; Castree & Braun, 2001).

3 Gögn og aðferðir

3.1 Virkjunarsvæðið við Blöndu

Áin Blanda á uppruna sinn í Hofsjökli og rennur til sjávar við Blönduós. Áin er að mestu jökulvatn en einnig falla til hennar fjölmargar lindár og dragár. Landslagið einkennist af fremur einsleitri víðáttumikilli hásléttu í 400 til 600 m.y.s. sem er þakin jökulruðningi og jökulárseti. Blanda var virkjuð árið 1991 þegar Blöndustöð var reist. Uppsett afl virkjunarinnar er 150 MW (Landsvirkjun, 2016). Aflstöðin sjálf er við hálendisbrúnina við norðanverðan Kjalveg og er að mestu neðanjarðar en ofanjarðar er hús og þar rétt við er starfsmannahús auk fleiri bygginga. Ofan við virkjunina setja tvö miðlunarlón svip sinn á landslagið. Það stærra er Blöndulón sem er 57 km² og er nú þriðja stærsta vatn landsins og er í um 25 km í veglínu frá stöðvarhúsinu en hitt er Gilsárlón sem er um 5 km² og er um 5 km í veglínu ofan við stöðvarhúsið. Vatni er veitt um lónin tvö með viðkomu í vötnunum Þrístiklu, Smalatjörn, Austara-Friðmundarvatni og Gilsvatni sem voru blátær fjallavötn áður en virkjunin var reist. Lónin tvö eru tengd saman með veituskurðum sem eru samtals um 9.800 m að lengd, auk þess að um 1.300 m aðrennsliskurður liggur frá Gilsárlóni að inntaki stöðvarinnar og um 1.700 m löng frárennslisgöng liggja norðan frá stöðvarhúsinu að náttúrulegum farvegi Blöndu í Blöndudal. Fimm stíflur eru á svæðinu og eru þær staðsettar norðan við Gilsárlón, norðan við Austara-Friðmundarvatn, norðan við Smalatjörn ásamt stíflum norðan og norðaustan við Blöndulón. Þrjár megin stíflurnar eru; Blöndustífla sem er 44 m að hæð, Kolkustífa 25 m og Gilsárstífla sem er 34 m (Landsvirkjun, 2016). Rafmagn úr Blönduvirkjun er leitt eftir tveimur 132 kV háspennulínum (Blöndulínum 1 og 2) í norður frá aflstöðinni.

Til viðbótar við fyrrnefnd mannvirki breyttist ásýnd við það að Blanda rennur ekki lengur um náttúrulegan farveg árinna sem lá um Blöndugil og Blöndudal á um 23 km kafla - auk þess að byggðir voru vegir, reistar girðingar, gangnamannaskáli og hesthús. Við stækkun vatna og gerð lóna fór um 62 km² af landi fór undir vatn sem að mestu var gróið. Var því gripið til mótvægisáðgerða sem fólust í uppgræðslu lands á Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði. Myndir 2 til 6 sýna helstu mannvirki á svæðinu sem tengjast raforkuframleiðslu, en kafli 4.10 fjallar sérstaklega um áhrif þeirra á upplifun ferðamanna.



2. mynd. Blönduvirkjun séð frá norðurhluta Kjalvegjar og upplýsingaskilti við veginn fyrir ofan Blönduvirkjun.
(Ljósmyndir: Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2016).



3. mynd. Uppistöðulón séð frá Kjalvegi.
(Ljósmyndir: Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2016).



4. mynd. Stíflur í Blöndulóni séð frá Kjalvegi.
(Ljósmyndir: Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2016).



5. mynd. Raflínur við Kjalveg og háspennulínur norðan við Blönduvirkjun.
(Ljósmyndir: Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2016).



6. mynd. Veituskurður úr Blöndulóni yfir í Þrístiklu og mannvirki séð frá Kjalvegi.
(Ljósmyndir: Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2016).

3.2 Spurningalistakönnun og greining gagna

Í rannsókninni var notast við spurningalista og var hann að hluta til með sömu spurningar og voru notaðar í rannsóknum á vegum rammaáætlunar vegna fyrirhugaðra virkjana sumarið 2015 (sjá Anna Dóra Sæþórsdóttir, Þorkell Stefánsson & Birgitta Stefánsdóttir, 2015). Spurningalistinn sem var lagður fyrir ferðamenn við Blönduvirkjun samanstóð af 27 spurningum og var á fjórum tungumálum, þ.e. íslensku, frönsku, þýsku og ensku. Margar spurninganna voru gerðar úr nokkrum breytum (sjá viðauka). Flokka má efni þeirra í eftirfarandi flokka:

1. Almennar bakgrunnsspurningar um aldur, kyn, búsetu og fleira.
2. Spurningar er varða dvöl á svæðinu, t.d. upplifun, aðdráttarafl og ánægju.

3. Spurningar sem raða ferðamönnum á svokallaðan viðhorfskvarða (*e. Purist scale*) og greina þá í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna (sjá nánar kafla 4.4).
4. Spurningar um viðhorf til innviða, bæði innviða sérstaklega ætlaða ferðamönnum sem og virkjana og mannvirkja þeim tengdum.
5. Spurningar sem varða viðhorf til virkjana almennt og til viðkomandi virkjunar.

Nokkrar spurningar voru opnar þar sem svarendur gátu svarað með sínum eigin orðum. Flestar spurningarnar voru hins vegar lokaðar fjölvalsspurningar þar sem notaður var svokallaður fimm stiga Likert-kvarði, t.d. 1 = mjög óánægð(ur), 2 = óánægð(ur), 3 = hlutlaus, 4 = ánægð(ur), 5 = mjög ánægð(ur). Úr þessu voru meðal annars reiknuð meðaltöl til að gera samanburð á milli hinna ýmsu þátta mögulegan.

Í greiningu gagnanna var kannað hvort að tölfræðilega marktækur munur væri á svörum ferðamanna eftir kyni, aldri, þjóðerni, búsetu á Íslandi (höfuðborgarsvæði eða landsbyggð), ferðamáta, lengd gönguferðar, nætur- eða dagsgestum og eftir flokkum viðhorfskvarðans (þjónustusinnar, almennir ferðamenn, náttúrusinnar, eindregnir náttúrusinnar). Sjá nánar um viðhorfskvarðann t.d. í Stankey (1973) og Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010a). Einnig voru svörin greind eftir því hvort ferðamenn væru að koma yfir hálendið að sunnan eða á leiðinni inn á það, eftir árstíma (sumar og haust) sem og hvort að munur væri á viðhorfum ferðamanna á virkjunarsvæðinu við Blöndu og svæðunum sjö sem voru til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar. Þekking á staðháttum er mismikil og þekking ferðamenn sem eru í sinni fyrstu heimsókn á svæðinu umhverfi svæðisins væntanlega síður en þeir sem hafa komið þangað áður. Í ljósi þess voru svörin einnig greind eftir því hvort svarendur hefðu komið áður á svæðið eða ekki.

Til að kanna hvort munur væri milli fyrrnefndra breyta var notast við t-próf í þeim tilfellum þar sem hópar voru aðeins tveir, en anova próf þar sem hópar voru þrír eða fleiri. Í þeim tilfellum sem anova próf leiddu í ljós marktækan mun innan breytu var munur milli einstakra hópa fundinn með marghliða samanburði (post-hoc prófi). Hochbergs GT2 próf var notað ef ferveik hópa voru eins en Games-howell próf ef þau voru ólík (Field, 2005). Niðurstöður frá Blönduvirkjun eru jafnframt bornar saman við rannsóknarstaði úr 3. áfanga rammaáætlunar með marghliða samanburði. P-tölur úr hverjum samanburði Blönduúrtaksins við hina staðina eru þá birtar í töflum við hlið meðaltals og staðalfráviks. Í tölfræðigreiningunni sem hér fer á eftir er tölfræðilega marktækur munur miðaður við p-gildi undir 0,05.

3.3 Gagnasöfnun

Gagnasöfnunin stóð yfir um sumarið frá 28. júní til 4. júlí og um haustið frá 2. til 8. september 2016. Þar sem markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif Blönduvirkjunar og meðfylgjandi mannvirkja á upplifun ferðamanna þurftu þeir ferðamenn sem lentu í úrtakinu að hafa farið um það svæði sem virkjunarmannvirkin eru sýnileg áður en þeir svörðu spurningalistanum og máttu ekki vera farnir of langt þaðan þ.a. þeir áttuðu sig ekki á um hvaða svæði væri verið spyrja um. Eins og áður segir einkennist landslagið á virkjunarsvæðinu í kringum Blönduvirkjun

af tiltölulega einsleitri hásléttu og er ekki enginn einn viðkomustaður þar sem allir ferðamenn stoppa við. Það var því töluverð áskorun að ná úrtaki á svæðinu.

Í rannsókninni var farin sú leið að spýrlar voru tveir að störfum á sama tíma. Annar var staðsettur við nyrðri enda virkjunarsvæðisins við gatnamót Kjalvegjar og afleggjarans að aflstöðinni/starfsmannahúsinu og afhenti hann þeim ferðamönnum spurningalista sem voru að koma inn á Kjalveg að norðan. Hinn spyrillinn var við syðri hluta svæðisins, á Kjalvegi rétt norðan við skálann Áfanga, þar sem Vegagerðin hefur gert útskot fyrir bíla og sett upp nestisborð. Hann afhenti þeim ferðamönnum spurningalista sem voru að koma að sunnan eftir Kjalvegi (7. mynd). Spýrlar voru með skilti til að vekja athygli ferðamanna og fá þá til að stöðva bifreiðar sínar. Allir farþegar í þeim bifreiðum sem stöðvuðu voru beðnir að svara spurningalistanum fyrir utan ökumanninn. Þeir sem samþykktu þátttöku fengu afhentan spurningalista sem þeir svöruðu á meðan ekið var um virkjunarsvæðið, en það tók um 15 mínútur. Útfylltir spurningalistar voru afhentir þegar komið var til spyrilsins sem var á hinum enda virkjunarsvæðisins. Akstur tíminn milli spýrla dugði oftast, en ef ferðamenn áttu eftir að svara einhverjum spurningum þá stöðvuðu þeir bílinn og luku við að svara honum áður en þeir héldu ferð sinni áfram. Ferðamenn í skipulögðum hópferðum hafa oftast þéttskipaða dagskrá og hafa því knappan tíma til að svara. Auk þess tekur almennt lengri tíma að afhenda þeim og útskýra spurningalistann en fyrir einstaklingum. Til þess að fá viðhorf hópferðamanna með í úrtakið voru leiðsögumenn beðnir um að taka með sér spurningalista í rútur og farþegar fengnir til að svara á meðan á akstrinum stóð. Leiðsögumennirnir fengu frímerkt umslag hjá spýrli og voru beðnir um að senda spurningalistana til baka með pósti.

Heildarfjöldi fólks- og hópferðabifreiða sem fóru um svæðið var 479 um sumarið og 369 um haustið. Nokkuð algengt var að farþegar bifreiða stöðvuðu ekki þrátt fyrir tilraunir spýrla til þess eða neituðu þátttöku og því náðist ekki í farþega 150 bifreiða um sumarið og 51 bifreiðar um haustið. Svarhlutfall miðað við fjölda bifreiða var því 67% um sumarið og 86% um haustið.


Þótt að lang flestir sem eiga leið um svæðið séu að aka Kjalveg þá eru fleiri þar á ferð. Einhverjir aka aðra akvegi og slóða eins og t.d. þeir sem veiða fisk eða gæs á svæðinu. Gerð var tilraun til að ná sérstaklega til þeirra með því að aka á milli gististaða í nágrenni virkjunarinnar á kvöldin. Sú tilraun uppskar lítið sem ekkert. Einhverjir ferðamenn ganga fornar gönguleiðir eins og Skagfirðingaveg eða Kjalveg hinn forna og fara þeir um nyrðri mörk svæðisins. Ekki var gerð tilraun til að hafa upp á þeim enda slíkt erfitt. Í heildina fengust 1.078 útfylltir spurningalistar þar af 617 um sumarið og 461 um haustið.



7. mynd. Staðsetning spyrta við norðurenda rannsóknasvæðis við Blönduvirkjun og suðurenda rannsóknasvæðisins á Kjalvegi. (Ljósmyndir: Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2016).

3.4 Rannsóknarsvæðið

Á spurningalistanum voru nokkrar spurningar sem innihéldu orðið svæði eins og t.d. „hversu lengi dvelur þú á svæðinu“ og „hvernig upplifir þú svæðið“. Í rannsóknum sambærilegum þessari er þekkt vandamál að ferðamenn leggja mismunandi merkingu í hugtakið svæði (Hall & Page, 2014). Í þessari rannsókn á áhrifum Blönduvirkjunar á upplifun ferðamanna var ekki um að ræða lögformlega skilgreint svæði eins og t.d. friðlandsmörk eða mörk sveitarfélags. Til þess að hjálpa ferðamönnum að átta sig á hvaða svæði um væri að ræða fylgdi með spurningalistunum kort af rannsóknasvæðinu og þeim mannvirkjum sem tengjast Blönduvirkjun (8. mynd. mynd). Norðurmörk þess svæðis sem sýnt er á kortinu eru rétt norðan við stöðvarhús Blönduvirkjunar og raflínunnar sem frá henni liggur og suður mörkin rétt sunnan við suður enda Blöndulóns. Kjalvegur er sýndur á miðju kortinu og ná austur og vestur mörk svæðisins um 5 til 15 km austur og vestur frá veginum (sjá nánar á mynd 8). Fólk á hins vegar mis auðvelt með að lesa kort auk þess sem svarendur könnunarinnar gáfu sér ekki allir mikinn tíma til að skoða kortið. Því er líklegt að spurningum með tilvísun í svæði sé í sumum tilfellum svarað út frá eigin skilgreiningu svarenda á svæðinu. Þetta er t.d. nokkuð augljóst í spurningu um hversu lengi viðkomandi dvaldi á svæðinu en þar segir að svarendur hafi gist að meðaltali 2,6 nætur á svæðinu og að dagsgestir hafi dvalið þar að meðaltali 3,4 klukkustundir. Hér hljóta svarendur að hafa hugsað um mun stærra svæði en rannsakendur höfðu í huga og sýndu á kortinu með spurningalistunum.




8. mynd. Kort af rannsóknarsvæðinu.

4 Niðurstöður


4.1 Einkenni svarenda

Kynjaskipting úrtaksins er nær alveg jöfn og meðalaldur ferðamanna er 44 ár. Ferðamenn 25 ára og yngri eru 13% svarenda en flestir, fjórðungur svarenda, eru á aldrinum 26-35 ára. Þeir sem eru á aldrinum 36-45 ára eru 13% og fimmtungur ferðamanna er á aldrinum 46-55 ára. Þeir sem eru á aldrinum 56-65 ára eru 18% og þeir sem eru 66 ára og eldri eru 10% svarenda (9. mynd).


Öllum tölum er snúa að dvöl á svæðinu verður að taka með þeim fyrirvara sem nefndur er í kafla 3.4 um afmörkun rannsóknasvæðisins. Dvalarlengd þeirra sem gistu á svæðinu er að meðaltali 2,6 nætur, dvalarlengd dagsgesta er að meðaltali 3,4 klukkustundir og meðallengd gönguferða á svæðinu er 4,7 klukkustundir. Lang flestir, eða 83%, voru að koma á svæðið í fyrsta sinn en 17% svarenda hafa komið áður (10. mynd) og þá að meðaltali um 14 sinnum. Um helmingur ferðamanna á svæðinu var á suðurleið um Kjöl en ívið færri, eða 46% ferðamanna, voru á norðurleið um Kjöl. Um 4% ferðamanna voru ekki á ferð um Kjöl (11. mynd).



9. mynd. Aldursflokkar ferðamanna við Blöndu (%).




10. mynd. Hefur þú komið á svæðið áður? (%).




11. mynd. Ferðamenn á ferð yfir Kjálveg (%).

Þjóðverjar eru meirihluti ferðamanna á svæðinu eða 35% og næst fjölmennasti hópurinn eru Frakkar - um 11% svarenda. Þar á eftir eru Íslendingar sem eru 9% svarenda og ferðamenn frá Sviss eða Austurríki eru einnig 9% svarenda. Bandaríkjamenn eða Kanadabúar eru 7,5% svarenda. Ívið færri ferðamenn, eða 7%, eru frá Benelux löndunum og ferðamenn frá Visegrád löndunum þ.e.a.s. Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Ungverjalandi eru samtals 5% svarenda. Ferðamenn frá Ítalíu eða Spáni eru 5% svarenda, ferðamenn frá Norðurlöndunum eru 4% svarenda og ferðamenn frá Bretlandi eða Írlandi eru 3% svarenda. Önnur þjóðerni en ofantalin eru um 5% ferðamanna samtals (12. mynd).

Flestir ferðamenn á svæðinu eða 35% svarenda starfa sem sérfræðingar en þá er átt við t.d. lækna, lögfræðinga, kennara o.s.fr. Eftirlaunaþegar ásamt þeim sem starfa við skrifstofu- og þjónustustörf eru hvor um sig 14% svarenda. Þeir sem eru í stjórnunarstarfi eru 11% svarenda, nemar eru 10% og þeir sem eru í sérhæfðum tækni- og iðnaðarstörfum eru 9%. Ófaglærðir, heimavinnandi og þeir sem skilgreina sig í öðrum störfum en ofantöldum eru hvort um sig um 2% (13. mynd).




12. mynd. Þjóðerni ferðamanna við Blöndu (%).




13. mynd. Störf ferðamanna á svæðinu við Blöndu (%).

Auk þjóðernis var spurt um ferðamáta, ferðafélaga og afþreyingu ferðamanna á svæðinu. Þessar spurningar voru svokallaðar fjölvalsspurningar en í þeim er hægt að merkja við fleiri en einn möguleika og verður því samanlagt hlutfall svara yfir 100%. Flestir ferðamanna, eða 46%, ferðast um svæðið með bílaleigubíl, tæplega 26% svarenda ferðast á eigin bíl og 24% svarenda ferðast með hópferðabíl. Mun færri ferðast á mótorhjól, hjólandi, gangandi eða ríðandi eða um 1% svarenda miðað við hverja tegund ferðamáta (14. mynd).

Lang flestir, eða 42%, ferðamanna á svæðinu eru á ferð með fjölskyldu sinni. Þeir sem ferðast með ættingjum eða vinum eru 38% svarenda og 17% eru í skipulagðri hópferð. Þeir sem eru einir á ferð eru 5% svarenda og 1,5% er á ferð með vinnu- eða klúbbfélögum sínum (15. mynd).




14. mynd. Ferðamáti ferðamanna á svæðinu við Blöndu (%).



15. mynd. Ferðafélagar ferðamanna við Blöndu (%).


Algengasta afþreying ferðamanna eru ökuferðir en 75% svarenda merktu við þann valkost. Einnig er algengt að ferðamenn skoði jarðfræðifyribæri, eða 64% svarenda. Þeir sem baða sig í heitri laug eru 55% svarenda. Þeir sem stunda gönguferðir eru 43% svarenda og þeir sem skoða plöntur eru 30% svarenda. Ívið færri skoða fugla eða 18% svarenda og þeir sem stunda hestaferðir eru 7% ferðamanna. Fáir svarendur stunda veiðar og flúðasiglingar en tæplega 3% svarenda merktu við hvora tegund afþreyingar um sig (16. mynd).



16. mynd. Afþreyinging ferðamanna við Blöndu (%).

Ferðamenn voru spurðir hvar þeir gistu nóttina áður en þeir svöruðu spurningalistanum og hvar þeir áætluðu að gista næstu nótt. Flestir, eða 23% svarenda, gistu við Kjöl (Hveravellir, Kerlingafjöll eða í skálum á Kili) nóttina áður, 21% gistu við Eyjafjörð, 19% á Suðurlandi, 13% í Skagafirði, 10% við Blönduós, á Hvammstanga eða þar í nágrenninu, 7% við Mývatn, á Húsavík eða nágrenni, 4% á höfuðborgarsvæðinu eða á Reykjanesi og 3% gistu á Vesturlandi eða Vestfjörðum nóttina áður en þeir svöruðu spurningalistanum.


Flestir, eða 25% svarenda, áætluðu að gista í Eyjafirði nóttina eftir að þeir svöruðu spurningalistanum, 19% áætluðu að gista við Kjöl (Hveravellir, Kerlingafjöll og skálar við Kjöl) og önnur 19% á Suðurlandi. Um 12% áætluðu að gista í Skagafirði, önnur 12% á höfuðborgarsvæðinu, 6% nálægt Blönduósi eða Hvammstanga og 4% í nágrenni Mývatns eða Húsavíkur. Þeir sem áætluðu að gista á Vesturlandi eða á Vestfjörðum nóttina eftir voru 3% (17. mynd).



17. mynd. Gistisvæði ferðamanna nóttina fyrir og eftir komuna að Blöndu.

4.2 Aðdráttarafi svæðisins og upplifun/ánægja ferðamanna


Ferðamenn voru spurðir opinnar spurningar um hvað heillar þá við svæðið. Svör við þessari spurningu eru margvísleg, en eftir kóðun koma fram tíu flokkar sem endurspeglar algengustu svörin. Svör margra ferðamanna falla undir fleiri en einn flokk og er því samanlagt hlutfall hærra en 100%. Það sem heillar flesta eða 52% aðspurðra eru útsýni, víðátta og fegurð. Margir, eða 36% segja landslag og náttúru heilla sig og 26% nefna hið óspillta, víðernin og óbyggðir. Um 13% nefna kyrrð og fámenni og 10% nefna plöntur og dýr. Um 7% ferðamanna segja vatn heilla sig og þar af nefna fjórir lónin sérstaklega. Kjölur og/eða Hveravellir heilla 6% svarenda og 3% segjast heillast af að keyra í gegnum svæðið. Rúmlega 3% segja orkunýtingu og/eða græna orku vera það sem heillar þá við svæðið (18. mynd).



18. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu?

Langflestir ferðamenn, eða 92% á svæðinu í kringum Blönduvirkjun telja ósnortin víðerni hluta af aðdráttarafli svæðisins en í samanburði við aðra staði sem voru til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar eru ósnortin víðerni þó síður álitin vera hluti af aðdráttarafli svæðisins við Blönduvirkjun. Samanburður við staðina sem voru til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar sýnir jafnframt að færri koma á svæðið við Blöndu og að Seltúni til að upplifa ósnortin víðerni en á aðra staði. Þekking á aðstæðum virðist einnig skipta máli. Búast má við að Íslendingar, þeir sem hafa komið áður á svæðið eða dvelja þar lengi viti frekar um tilveru Blönduvirkjunar en erlendir ferðamenn sem eru að koma þangað í fyrsta sinn. Sumir hafa jafnvel ferðast um svæðið áður en virkjunin var byggð.

Ferðamenn við Blönduvirkjun voru spurdir hvað mætti vera til staðar af mannlegum ummerkjum án þess að hugtakið víðerni eða ósnortin náttúra glataði merkingu sinni. Um 40% ferðamanna telja miðlunarlon mega vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni, 19% telja rafmagnslínur mega vera til staðar og 12% virkjanir. Sýnileiki mannvirkja skiptir þó ferðamenn miklu máli því tæplega helmingurinn telur ekki að mannvirki sem þeir vita af en sjá ekki hafi áhrif á upplifun sína og um þriðjungur telur þau hafa lítil áhrif, 13%

telja þau hafa einhver áhrif á upplifun sína, 5% telja þau hafa frekar mikil áhrif og 4% telja þau hafa mjög mikil áhrif á upplifun sína. Þá staðreynd hve stór hluti ferðamanna telur svæðið vera ósnortið þrátt fyrir tilvist virkjunarinnar mætti tengja við hugmyndina um náttúruna sem félagsleg smíð sem bendir á að huglægur veruleiki ferðamanna byggir að verulegu leyti á þeim fyrirframgefnu hugmyndum sem þeir hafa um svæðið. Í ljósi þess gæti ímyndin um hálendi Íslands sem óspillt víðerni blindað erlenda ferðamenn á raunveruleikann, þ.a. þrátt fyrir að mannvirki séu til staðar er svæðið ósnortið í huga margra þeirra.

Blönduvirkjun og mannvirki henni tengd eru á mörkum miðhálandis Íslands og eru sýnilegustu mannvirkin, þ.e. Blöndulón fyrir innan miðhálandislínuna en raflínan sem liggur frá aflstöðinni utan hennar. Önnur mannvirki á svæðinu eru meðal annars stíflur, veituskurðir, vegir og fleiri lón. Um 67% ferðamanna segja tilvist virkjunarinnar ekki hafa nein áhrif á áhuga sinn á því að ferðast um svæðið og aðeins fleiri segja hana hafa jákvæð áhrif (19%) en neikvæð (13%). Lónin hafa jákvæð áhrif á upplifun 47% ferðamanna og 43% þeirra eru hlutlausir gagnvart þeim. Skurðir hafa engin áhrif á 61% ferðamanna og stíflur hafa engin áhrif á 52% aðspurðra. Ríflega fjórðungur telur skurði og stíflur hafa jákvæð áhrif á upplifun sína en 14-20% telja þessi mannvirki hafa neikvæð áhrif á upplifun sína af svæðinu. Um 54% ferðamanna telja raflínur hafa neikvæð áhrif á upplifun sína á svæðinu og eru þær þau mannvirkin tengd virkjuninni sem hafa neikvæðust áhrif. Áhrif Blönduvirkjunar og tengdra mannvirkja er breytilegust innan hópa viðhorfskvarðans, en mannvirkin hafa helst neikvæð áhrif á náttúrusinna en síst á þjónustusinna. Ekki er mikill munur á áhrifum virkjunarmannvirkjana á hin ýmsu þjóðerni. Frökkum þykja lónin hafa jákvæðust áhrif, en raflínurnar höfðu aftur á móti neikvæðust áhrif á upplifun þeirra. Þá hafa raflínur síður neikvæð áhrif á upplifun þeirra ferðamanna sem voru á suðurleið um Kjöl en þeirra sem voru á norðurleið.

Þrátt fyrir þau mannvirki sem eru á svæðinu þykir flestum ferðamönnum svæðið mjög náttúrulegt en um 7% ferðamanna telja svæðið manngert. Í samanburði við þá staði þar sem könnuð voru viðhorf ferðamanna í 3. áfanga rammaáætlunar þykir þó Blöndusvæðið síður náttúrulegt. Flestir ferðamenn telja svæðið fallett en þó þykja allir staðirnir sem fjallað var um í 3. áfanga rammaáætlunar fyrir utan Nýjadal vera fallettri. Íslendingum þykir svæðið síður náttúrulegt, kyrrt og fallett en flestum öðrum þjóðernum.

Um 37% ferðamanna við Blönduvirkjun eru neikvæð gagnvart frekari uppbyggingu vatnsaflsvirkjana á hálendinu, 35% hlutlaus og 28% svarenda eru jákvæð. Ferðamenn við Blönduvirkjun eru jafnframt jákvæðari gagnvart frekari uppbyggingu vatnsaflsvirkjana á hálendinu en ferðamenn á öllum stöðunum sem voru til umfjöllunar í rammaáætlun fyrir utan Seltún. Um 40% ferðamanna við Blönduvirkjun eru hlutlaus gagnvart uppistöðulónum á hálendinu, 34% eru jákvæð og 24% eru neikvæð. Ferðamenn við Blönduvirkjun eru jafnframt jákvæðari gagnvart uppistöðulónum á hálendinu en ferðamenn á stöðunum sem voru til umfjöllunar í rammaáætlun fyrir utan Seltún. Rúmlega 60% ferðamanna við Blönduvirkjun þykja raflínur vera óæskileg mannvirki á hálendinu, um 30% eru hlutlaus og 10% eru jákvæð gagnvart þeim. Ferðamenn við Blönduvirkjun eru jákvæðari gagnvart raflínunum á hálendinu en ferðamenn í Nýjadal, við Hólaskjól, við Aldeyjarfoss og í Skagafirði, en neikvæðari en ferðamenn við Seltún. Þjónustusinnar við Blönduvirkjun eru almennt hlynntari uppbyggingu orkumannvirkja en náttúrusinnar. Frakkar eru neikvæðari en mörg önnur þjóðerni til uppbyggingar ýmis konar orkumannvirkja - sérstaklega raflína og vindmylla. Þjóðverjar eru einnig andvígari vindmyllum en

marginir aðrir. Þá hafa Íslendingar neikvæðara viðhorf en mörg önnur þjóðerni til uppistöðulóna á láglendi. Þeir sem hafa komið á svæðið áður eru neikvæðari gagnvart vatnsaflsvirkjunum og uppistöðulónum á hálendinu og jarðvarmavirkjunum á bæði hálendi og láglendi en þeir sem eru að koma þar í fyrsta sinn. Jafnframt eru þeir sem eru á norðurleið um Kjöl andvígari raflinum, vindmyllum og vatnsaflsvirkjunum á láglendi en þeir sem eru á suðurleið um Kjöl. Í því sambandi mætti velja fyrir sér hvort að það sé vegna þess að ferðamenn á suðurleið um Kjöl eru þá rétt komnir úr byggð og öræfastemningin ekki enn farin að hafa áhrif. Þeir sem eru hins vegar búnir að aka Kjalveg endilangan og vera inni á hálendinu í þó nokkrar klukkustundir og upplifa víðerni eru neikvæðari gagnvart mannvirkjunum sem birtast þeim við Blönduvirkjun.

Þau mannvirki sem ferðamenn við Blönduvirkjun telja æskilegust á svæðinu eru fjallaskálar, tjaldstæði og óuppbyggðir malarvegir. Salerni, uppbyggðir malarvegir og akbrýr yfir vatnsföll þykja einnig nokkuð æskileg. Skiptar skoðanir eru gagnvart uppistöðulónum, jarðvarmavirkjunum og vatnsaflsvirkjunum. Um fjórðungi þykja uppistöðulón óæskileg á svæðinu, um þriðjungi finnst þau æskileg og um 40% finnst þau ásættanleg. Tæplega þriðjungi þykir vatnsaflsvirkjanir óæskilegar á svæðinu, rúmlega fjórðungi finnst þær æskilegar og 42% finnst þær ásættanlegar. Álíka margir ferðamenn telja jarðvarmavirkjanir vera æskilegar, óæskilegar og ásættanlegar. Heilsársvegur, slitlagðir vegir, gestastofa og matsala þykja hins vegar nokkuð óæskileg á svæðinu. Mannvirki sem óæskilegust þykja á svæðinu eru raflínur, fjarskiptamöstur, vindmyllur, verslanir/veitingastaðir og hótél. Áhugavert er að uppistöðulón, vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir og raflínur þykja ásættanlegri við Blönduvirkjun en á öllum öðrum stöðum í 3. áfanga rammaáætlunar, utan Seltúns.

Viðhorf hinna ýmsu hópa til þess hvaða mannvirki eru æskileg á svæðinu eru breytileg. Þjóðverjum þykja gististaðir (hótél, fjallaskálar og tjaldstæði), vegamannvirki (uppbyggðir malarvegir, akbrýr, heilsársvegir og slitlagðir vegir) og þjónustu- og orkumannvirki óæskilegri en mörgum öðrum þjóðernum. Íslendingum þykja salerni æskilegri á svæðinu en flestum öðrum hópum, en jafnframt þykja þeim bensínstöðvar, uppistöðulón, og jarðvarmavirkjanir óæskilegri en mörgum öðrum. Bandaríkja- og Kanadamönnum þykja ýmis þjónustu- og vegamannvirki æskilegri en mörgum öðrum þjóðum. Heilsársvegir og slitlagðir vegir þykja jafnframt óæskilegri meðal þeirra sem eru á norðurleið um Kjöl en þeirra sem eru á suðurleið og uppbyggðir vegir og akbrýr þykja æskilegri meðal eldri svarenda en þeirra yngri.

Rúmlega helmingur ferðamanna við Blönduvirkjun segist hafa áhuga á að heimsækja gestastofur virkjana á ferðum sínum um landið. Þjónustusinnar og almennir ferðamenn hafa meiri áhuga á slíkum heimsóknum en náttúrusinnar. Þrír af hverjum fjórum ferðamönnum telja að frekari orkunýting hefði engin áhrif á áhuga þeirra á annari Íslandsheimsókn en um fimmtungur telur að þeir myndu síður koma ef meira yrði virkjað. Talsverður munur er á því hvaða áhrif frekari orkunýting á Íslandi hefði á áhuga ferðamanna á Íslandi eftir því hvort þeir séu náttúru- eða þjónustusinnar. Frekari orkunýting hefði frekar jákvæð en neikvæð áhrif á áhuga þjónustusinna á Íslandsferðum en neikvæð áhrif á náttúrusinna og enn neikvæðari á eindregna náttúrusinna. Frekari orkunýting hefði jafnframt neikvæðari áhrif á Frakka en flest önnur þjóðerni. Frakkar og þeir sem voru á svæðinu um haustið myndu síður koma aftur til landsins ef meira yrði virkjað.

Viðhorf ferðamanna á svæðinu í kringum Blönduvirkjun er jákvæðara gagnvart virkjunum en á þeim stöðum sem fjallað var um í 3. áfanga rammaáætlunar að undanskyldu Seltúni, þ.e. við Aldeyjarfoss, Hagavatn, Hólaskjól, Nýjadal, Skagafjörð og Trölladyngju. Ástæður þess geta verið ýmsar. Ein ástæða gæti verið að þangað komi annars konar ferðamenn en á hina staðina. Það gefur t.d. skipting ferðamanna í hópa með tilliti til viðhorfskvarðans til kynna en samkvæmt honum eru náttúrusinnar færri á Blöndusvæðinu á meðan þjónustusinnar og almennir ferðamenn eru fleiri. Þannig virðist að þeir sem mestar kröfur gera til óspilltrar náttúru fari síður þarna um. Ein af mögulegum skýringum á því gæti verið að ferðamenn viti að búið sé að reisa virkjun á norðurjaðri hálendisins við Kjöl og þeir sem mestar kröfur gera til óspilltrar náttúru fari því ekki um Blöndusvæðið.

Rannsóknir Devine-Wright (2009) hafa sýnt fram á að ef breytingar á landslagi svæða eru í andstöðu við ímynd og upplifun sem einstaklingar tengja við þau, þá geti það leitt til þess að þeir hætti að koma þangað. Sýnt hefur verið fram á að fólk hefur jafnvel tilhneigingu til að ofmeta í huga sér raunveruleg sjónræn áhrif orkumannvirkja sem það hefur neikvæð viðhorf til (Priestley & Evans, 1996). Mögulegt er að Blönduvirkjun hafi minnkað aðdráttarafl Blöndusvæðisins fyrir Íslendinga og aðra sem þekktu svæðið fyrir virkjun, án þess að til séu rannsóknir því til staðfestingar. Vísbendingar úr öðrum rannsóknum benda til að ákveðinn hópur ferðamanna hætti að ferðast um svæði eftir að þar hafa verið byggðar virkjanir. Það virðist annars vegar gerast vegna virkjunarmannvirkjanna sjálfra samanber ummæli ferðamanns um áhrif Hellisheiðarvirkjunar á gönguferðir sínar um svæðið: „...*Hellisheiðin er bara ónýtt ... Það er ekkert lengur hægt að fara um Hellisheiðina eins og maður gerði ... þetta eru svo ofsalega mikil sjónræn áhrif [bik] að hafa þá þúrnar út um allt og svo gufustrókana og alla vegina, þetta er bara eins og eitt kerassblað*“ (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2009, 58). Hins vegar er um óbein áhrif að ræða þegar ferðamennska breytist á næstliggjandi svæðum vegna aukins aðgengis að svæðinu. Dæmi um slíkt má sjá í Landmannalaugum en þangað jókst aðgengi eftir að virkjað var á Tungnár-Þjórsársvæðinu. Í kjölfarið fjölgaði ferðamönnum það mikið að ákveðnir hópar ferðamanna eru hættilir að koma þangað og leita uppi fámennari staði (sjá t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2009; 2013; Anna Dóra Sæþórsdóttir & Rögnvaldur Ólafsson, 2012).

Í ljósi þess að virkjunarmannvirkin á Blöndusvæðinu trufla upplifun ferðamanna lítið mætti draga þá ályktun að hönnun þeirra sé góð og falli vel að landslagi. Einsleitt víðáttumikið landslag sem einkennir svæðið hefur eflaust líka sitt að segja og fyrir einhverja er tilbreyting að sjá vatn/Blöndulón í stað enn meiri sandauðna. Ferðamenn eru aftur á móti mest á móti þeim mannvirkjum sem eru áberandi og erfitt er að láta falla vel að landslagi, eins og raflínur og vindmyllur. Það er í góðu samræmi við aðrar rannsóknir bæði hér á landi (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir & Þorkell Stefánsson, 2015; Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðmundur Björnsson & Rannveig Ólafsdóttir, 2015) og erlendis (sjá t.d. Tangeland & Aas, 2010; Tempesta, Vecchiato & Girardi, 2014). Ferðaðþjónustuaðilar virðast vera á sama máli og ferðamenn hvað þetta varðar (sjá t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir & Rögnvaldur Ólafsson, 2012; Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir & Þorkell Stefánsson, 2015; Gunnþóra Ólafsdóttir, 2009).

Blönduvirkjun er á jaðri hálendisins og nærri byggð og virðist því ekki skemma ímynd sem hálendið hefur sem ósnortið víðerni fyrir þá sem þar fara um. Almennir ferðamenn og þjónustusinnar eru um 80% ferðamanna á svæðinu og þykir þeim svæðið náttúrulegt og að þar séu víðerni. Mikilvægt er hafa í huga að svæði höfða til

mismunandi notenda eftir því hvaða eiginleika þau hafa og hvaða aðstaða og mannvirki eru til staðar. Ferðamannastaðir á hálendinu sem eru óaðgengilegri og eru meira nýttir af náttúrusinum þola eðli málsins samkvæmt minna af mannlegum ummerkjum en svæði sem eru aðgengileg á bílum og eru viðkomustaðir þjónustusinnaðri ferðamanna. Þessir tveir hópar eru ekki að sækjast eftir sömu upplifun og það verður að hafa í huga hvaða ferðamenn nýta svæði þegar áhrif mannvirkja á upplifun eru til athugunar. Rannsóknir Önnu Dóru Sæþórsdóttur (2010; 2014) hafa sýnt fram á að ferðamenn á hálendi Íslands telja æskilegt að aðstaða og uppbygging sé mismikil á hinum mismunandi svæðum þess. Sem dæmi má nefna að ferðamenn í Lónsöræfum og við Langasjó vilja færri og minni mannvirki og eru viðkvæmari fyrir umhverfiströskun en ferðamenn í Landmannalaugum og við Blönduvirkjun. Til að auka frekar skilning á upplifun ferðamanna á virkjunarmannvirkjum væri áhugavert að að kafa á dýptina með eigindlegri rannsókn sem fælist í viðtölum við ferðamenn.

6 Samantekt

- Flestir ferðamenn við Blönduvirkjun eru ánægðir með dvöl sína á svæðinu en 8% eru óánægðir.
- Að mati ferðamanna við Blönduvirkjun felst aðdráttarafl svæðisins í náttúrufegurð, víðáttumiklu landslagi, kyrrð og ró.
- Þrátt fyrir að Blönduvirkjun sé á jaðri hálendisins og nærri byggð auk þess að þar séu virkjunarmannvirki eins og lón, stíflur, veituskurðir, vegir og raflínur. Þá telja 92% ferðamanna ósnortin víðerni hluta af aðdráttarafli svæðisins. Það er þó lægra hlutfall en á stöðum sem voru til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar. Blönduvirkjun virðist því ekki skemma ímynd sem hálendið hefur sem ósnortið víðerni fyrir þá ferðamenn sem þar fara um.
- Flestum ferðamönnum finnst svæðið í kringum Blönduvirkjun náttúrulegt en um 7% ferðamanna telja svæðið manngert. Í samanburði við þá staði sem voru til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar þykir Blöndusvæðið síður náttúrulegt.
- Um 10% ferðamanna segist ekki hafa tekið eftir virkjuninni og tengdum mannvirkjum.
- Um 67% ferðamanna segja tilvist virkjunarinnar ekki hafa áhrif á áhuga sinn á því að ferðast um svæðið og aðeins fleiri segja hana hafa jákvæð áhrif (19%) en neikvæð (13%).
- Í ljósi þess að virkjunarmannvirkin á Blöndusvæðinu trufla upplifun ferðamanna lítið mætti draga þá ályktun að hönnun þeirra sé góð og falli vel að landslagi. Einsleitt víðáttumikið landslag sem einkennir svæðið hefur eflaust líka sitt að segja og fyrir einhverja er tilbreyting að sjá vatn/Blöndulón í stað enn meiri sandauðn. Ferðamenn eru mest á móti þeim virkjunarmannvirkjum sem eru áberandi og erfitt er að láta falla vel að landslagi, eins og raflínum og vindmyllum.
- Rúmlega helmingur ferðamanna við Blönduvirkjun segist hafa áhuga á að heimsækja gestastofur virkjana á ferðum sínum um landið.
- Með hliðsjón af viðhorfskvarðanum eru almennir ferðamenn 65% þeirra sem eru á svæðinu í kringum Blönduvirkjun, 20% eru náttúrusinnar, 14% þjónustusinnar og 1% eru eindregnir náttúrusinnar. Náttúrusinnar eru mun fleiri á þeim stöðum sem fjallað var um í 3. áfanga rammaáætlunar að undanskyldu Seltúni. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að svæði höfða til mismunandi notenda eftir því hvaða eiginleika þau hafa og hvaða aðstaða og mannvirki eru til staðar. Því verður að hafa í huga hvaða ferðamenn nýta svæði þegar áhrif mannvirkja á upplifun eru til athugunar.
- Viðhorf ferðamanna á svæðinu í kringum Blönduvirkjun er jákvæðara gagnvart virkjunum en á þeim stöðum sem fjallað var um í 3. áfanga rammaáætlunar að undanskyldu Seltúni. Ein ástæða þess gæti verið að þangað komi annars konar ferðamenn en á hina staðina og að þeir geri minni kröfur til óspilltrar náttúru.

7 Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2007). Planning nature tourism using the purist scale. Í Helgi Gestsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), 14. *Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research* (bls. 12-20). Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2009). *Kafað ofan í kjölinn á viðborfum ferðamanna á Kili*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010a). Planning nature tourism in Iceland based on tourist attitudes. *Tourism Geographies*, 12(1), 25-52.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010b). Tourism struggling as the wilderness is developed. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 10(3), 334-357.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2012). *Ferðamennska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarborfur*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2013). Managing popularity: Changes in tourist attitudes to a wilderness destination. *Tourism Management Perspectives*, 7, 47-58.
- Sæþórsdóttir, A. D. (2014). Preserving wilderness at an emerging tourist destination. *Journal of Management and Sustainability*, 4(3).
- Anna Dóra Sæþórsdóttir & Jarkko Saarinen (2016). Changing Ideas about Natural Resources: Tourists' Perspectives on the Wilderness and Power Production in Iceland. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 16(4), 404-421.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir & Rögnvaldur Ólafsson (2012). *Ábrif Hólmsárvirkejunar á ferðamennsku og útivist*. Reykjavík: Landsvirkjun.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir & Þorkell Stefánsson (2015). *Viðhorf ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til virkjana í Skjálfandaffjóti í 3. áfanga rammaáætlunar*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir & Þorkell Stefánsson. (2015). *Viðhorf ferðamanna til nokkurra virkjana í 3. Áfanga rammaáætlunar*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðmundur Björnsson & Rannveig Ólafsdóttir (2015). *Ábrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Callicott, J. B. & Nelson, M. P. (ritstj.) (2008). *The great new wilderness*. Athens: The University of Georgia Press.
- Castree, N. (2005). *Nature*. London & New York: Routledge.
- Castree, N. & Braun, B. (ritstj.) (2001). *Social nature: theory, practice and politics*. Oxford: Blackwell.
- Cosgrove, D. (1984). *Social formation and symbolic landscape*. London: Croom Helm.
- Cronon, W. (1998). The trouble with wilderness; or, getting back to the wrong nature. Í W. Cronon (ritstj.), *Uncommon ground: Rethinking the human place in nature* (bls. 69-90). New York: W. W. Norton & Co.
- Dear, M. (1994). Who's Afraid of Postmodernism?: Reflections on Symanski and Cosgrove. *Annals of the Association of American Geographers*, 84(2), 295-300.
- Demeritt, D. (2002) What is the 'social construction of nature'? A typology and sympathetic critique. *Progress in Human Geography*, 26(6), 767-790.
- Devine-Wright, P. & Howes, Y. (2010). Disruption to place attachment and the protection of restorative environments: A wind energy case study. *Journal of Environmental Psychology*, 30(3), 271-280.
- Devine-Wright, P., & Batel, S. (2013). Explaining public preferences for high voltage pylon designs: An empirical study of perceived fit in a rural landscape. *Land Use Policy*, 31, 640-649.

- Field, A. (2005). *Discovering statistics using SPSS*. London: Sage Publications.
- Frost, W. & Hall, C. M. (2009). *Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change*. London, New York: Routledge.
- Furby, L., Slovic, P., Fischhoff, B. & Gregory, R. (1988). Public perceptions of electric power transmission lines. *Journal of Environmental Psychology*, 8(1), 19-43.
- Gunnþóra Ólafsdóttir (2009). *Ábrif fyrirbugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist*. Akureyri: Rannsóknarmiðstöð ferðamála.
- Hall, C. M. (1992). *Wasteland to world heritage: Preserving Australia's wilderness*. Carlton: Melbourne University Press.
- Hall, C. M. & Frost, W. (2009). National Parks and the 'Worthless Lands Hypothesis' revisited. In W. Frost & C. M. Hall (Eds.), *Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change* (bls. 45-62). London: Routledge.
- Hall, C.M. & Page, S.J. (2014) *The Geography of Tourism and Recreation: Environment, Place and Space*. Abingdon, Oxon: Routledge.
- Hallikainen, V. (2000). The Finnish "social wilderness". Í McCool, S.F., Cole, D.N., Borrie, W.T. & O'Loughlin, Jennifer (comps.), *Wilderness science in a time of change conference—Volume 2: Wilderness within the context of larger systems; 1999 May 23–27; Missoula, MT. Proceedings RMRS-P-15-VOL-2* (bls. 205-217). Ogden: U.S. Department of Agriculture, Forest Service, Rocky Mountain Research Station.
- Helburn, N. (1977). The wilderness continuum. *Professional Geographer*, 29, 337-347.
- Hendee, J. C., Stankey, G. H., & Lucas, R. C. (1990). *Wilderness management* (2. útg.). Golden, Colorado: North American Press.
- Johnson, B. J., Hall, T. E. & Cole, D. N. (2005) Naturalness, primitiveness, remoteness and wilderness: Wilderness visitors' understanding and experience of wilderness qualities. Skoðað á <http://leopold.wilderness.net/unpublished/UNP115.pdf>
- Karl Benediktsson (2007). "Scenophobia", geography and the aesthetic politics of landscape. *Geografiska Annaler Series B Human Geography* 89(3), 203-217.
- Landsvirkjun (2016). *Blöndustöð*. Skoðað á <http://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/aflstodvar/blondustod>
- Lesslie, R. G. & Taylor, S. G. (1983). The wilderness continuum concept and its implications for Australian wilderness preservation policy. *Biological Conservation*, 32(4), 309-333.
- Macnaghten, P. & Urry, J. (1998). *Contested natures*. London: Sage.
- Manning, R. E. (1999) *Studies in outdoor recreation: Search and research for satisfaction* (2. útg.). Corvallis: Oregon State University Press.
- Nadaï, A. & van der Horst, D. (2010). Wind power planning, landscapes and publics. *Land Use Policy*, 27(2), 181-184.
- Nash, R. (2001). *Wilderness and the American mind* (4. útg.). New Haven; London: Yale University Press.
- Oelschlaeger, M. 1991. *The idea of wilderness*. New Haven: Yale University Press.
- Orkustofnun (2015). R3143 *Blanda – veita úr Vestari Jökulsá: Viðauki 38 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/02: Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Reykjavík: Orkustofnun.
- Pickerill, J. (2008). From wilderness to wild country: The power of language in environmental campaigns in Australia. *Environmental Politics*, 17(1), 95-104.
- Priestley, T. & Evans, G. W. (1996). Resident perceptions of a nearby electric transmission line. *Journal of Environmental Psychology*, 16(1), 65-74.
- Proctor, J. D. (1998). The social construction of nature: Relativist accusations, pragmatist and critical realist responses. *Annals of the Association of American Geographers*, 88(3), 352-376.

- Rannveig Ólafsdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Helgi Guðmundsson, Jonathan Huck & Micael Runnström (2016). *Vidhorf og upplifun Íslendinga á víðernum, óbyggðum og miðhálandi Íslands*. Skoðað á <http://www.ramma.is/media/rannsoknir-f2-ra3/Vidhorf-og-upplifun-Islendinga-a-vidernum,-obyggdum-og-midhalendi-Islands.pdf>
- Rannveig Ólafsdóttir & Micael Runnström (2010). Endalaus víðátta? Mat og kortlagning íslenskra víðerna. *Náttúrufræðingurinn*, 81(2), 57-64.
- Saarinen, J. (1998). *Wilderness, tourism development, and sustainability: Wilderness attitudes and place ethics*. Paper presented at the Personal, societal, and ecological values of wilderness: Sixth World Wilderness Congress proceedings on research, management, and allocation, volume I, Bangalore, India.
- Stankey, G. H. (1973). *Visitor perception of wilderness recreation carrying capacity (USDA Forest Service Research Paper INT-142. bindi)*. Ogden, Utah: Intermountain Forest & Range Experiment Station, Forest Service, U.S. Dept. of Agriculture.
- Tangeland, T. & Aas, Ø. (2010). *Kraftinstallasjoner i naturområder - Effekter på turisme, friluftsliv og bruk av fritidsboliger: En litteraturstudie*. Oslo: Norsk institut for naturforskning.
- Tempesta, T., Vecchiato, D. & Girardi, P. (2014). The landscape benefits of the burial of high voltage power lines: A study in rural areas of Italy. *Landscape and Urban Planning*, 126, 53-64.
- Tuan, Y. F. (1990). *Topophilia : A study of environmental perception, attitudes, and values*. New York: Columbia University Press.
- Tveit, M. S., Sang, Å. O. & Fry, G. (2006). Key concepts in a framework for analysing visual landscape character. *Landscape Research*, 31(3), 229-255.
- Umhverfisráðuneytið & Skipulagstofnun (1999). *Miðhálandi Íslands, svæðisskipulag 2015*. Reykjavík: Umhverfisráðuneytið og Skipulagstofnun.
- Umhverfisstofnun (2009). *Ósnortin víðerni*. Reykjavík: Umhverfisstofnun.
- Williams, D. R. (2002, May 15-17, 2001). The social construction of arctic wilderness: Place meanings, value pluralism, and globalization. Paper presented at the Wilderness in the Circumpolar North: Searching for compatibility in ecological, traditional, and ecotourism, values, University of Alaska, Anchorage.
- Woolgar, S. (1988). *Science, the very idea*. Chichester: Tavistock.

Viðauki

Spurningalisti og fylgigögn spurningakönnunarinnar



Könnun meðal ferðamanna

Könnun þessi er á vegum Land- og ferðamálafræðistofu við Háskóla Íslands og er unnin fyrir Landnáttirinnar. Vinsamlegast miðaðu svör þín síð frá því svæði sem er afmarkað á meðfylgjandi korti. Það tekur um 10-15 mínútur að svara spurningunum.

Þakka þér kærlega fyrir þátttökuina!

1. Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið á meðfylgjandi korti?

	mjög	Frekar	hvorði né	frekar	mjög
1. Nátturlægt	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
2. Kyrrt	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
3. Aðgengilegt	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
4. Falllegt	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5

2. Hvað heillar þig við svæðið? _____

3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi:

	mjög óánægð(ur)	óánægð(ur)	hvorði né	ánægð(ur)	mjög ánægð(ur)
1. Dröflina á svæðinu	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
2. Nátturu svæðisins	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5

4. Hvað gerðir þú/æðar þú að gera á meðan dvöl þinni stendur?

Vinsamlega merktu fleiri en eitt annað ef við á

- 1. Gönguferð _____ klst
- 2. Hestaferð _____ klst
- 3. Ökniferð _____ klst
- 4. Skoða fugla
- 5. Skoða plöntur
- 6. Veidda
- 7. Finna sigling
- 8. Baða mig í heitri lang
- 9. Skoða jarðfræðifyribæri
- 10. Annað: _____

5. Hefur þú ferðast áður um þetta svæði? 1. Já, hrve oft? _____ 2. Nei

6. Tokst þú eftir mannvirkjum á leið þinni?

1. Nei 2. Já, hvaða mannvirkjum og hvaða áhrif höfðu þau á upplifna þína?

	mjög neikvæð	frekar neikvæð	engin áhrif	frekar neikvæð	mjög neikvæð
1. Lön	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
2. Stúfla	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
3. Skurður	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
4. Rafslurur	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
5. Malbikaður vegur	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
6. Malarvegur	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5

7. Hvað dvelur/dvaldir þú lengi á svæðinu?

_____ mín. _____ klst. _____ nætur

8. Ert þú á leið yfir Kjálveg (F35) 1. Nei 2. Já, á norðurlendi 3. Já, á suðurlendi

9. Hversu miklir eru eftirfarandi atvði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?

	alls ekki miklirvægt	ekki miklirvægt	hvorði né vægt	ekki miklirvægt	miklirvægt	mjög miklirvægt
1. Merktar gönguleiðir	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
2. Lagðir göngustígar	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
3. Göngubrýr	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
4. Að hægt sé að njóta kyndar	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
5. Að hægt sé að upplifa óraskaða nátturu	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
6. Ánangaustaður (bækkur og borð)	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
7. Að það sé fjar áður ferðamenn	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
8. Að ekki sjáist númerki um nttanvegaakstur	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
9. Að geta gengið án þess að sjá mannvirki (önnur en fallakála)	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
10. Að ekki sjáist númerki eftir aðra ferðamenn	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
11. Að skoðunarverðir staðir séu merktir	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
12. Skipulögð tjaldsvæði	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
13. Að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
14. Að geta tjaldað þar sem þú veður ekki var við aðra	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5
15. Að verða ekki fyrir óvæði af flugumferð	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 5

10. Hvaða áhrif hefur sú staðreynd að búið er að virkja Blöndu á áhuga þinn á því að ferðast um þetta svæði?

	mjög neikvæð	frekar neikvæð	engin áhrif	frekar neikvæð	mjög neikvæð
1. Já	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5

11. Lýstu nánar þeim áhrifum sem Blönduvirkjun hefur upplifun þína á svæðinu

12. Finnst þér viðemi/ónorin náttúra vera hluti af aðdráttarafi svæðisins?

1. Já 2. Nei 0. Enga skoðun

13. Komstu á þetta svæði til að upplifa viðemi/ónormna náttúru?

1. Já 2. Nei 0. Enga skoðun

14. Hafa náleg mannviki, sem þú veist af en sért ekki, áhrif á upplifun þína á viðernum/ósnortunni náttúru?

engin	lítil	einhver	frekar mikið	mjög mikið	engar skoðun
<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6

15. Hvað má vera til staðar af neðangreindu án þess að hugtakið viðermi/ósnortun náttúra glati merkingu sinni? *Vinsamilegast merktu við fleira en eitt annað ef við á*

- 1 Ekkert
- 2 Fjallaskálar
- 3 Hótel
- 4 Vegir
- 5 Vegalóðar
- 6 Gurðingar
- 7 Þjónustumiðstöðvar
- 8 Raflium
- 9 Fjarstjórastöðvar
- 10 Virkjanir
- 11 Miðlunadón
- 12 Vandmyllar
- 13 Lagður göngustígur
- 14 Stúgar myndadúr af umferð manna og dýra

16. Hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf þitt er til eftirfarandi:

	mjög neikvætt	frekar neikvætt	hvoði né	frekar jákvætt	mjög jákvætt
1. Frekari uppbyggingar vamsaflsvirkjana á hálendinu	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
2. Frekari uppbyggingar vamsaflsvirkjana á láglandi	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
3. Jarðvarmavirkjana á hálendinu	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
4. Frekari uppbyggingar jarðvarmavirkjana á láglandi	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
5. Vandmylla á hálendinu	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
6. Vandmylla á láglandi	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
7. Uppistöðlóna á hálendinu	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
8. Uppistöðlóna á láglandi	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
9. Frekari lagningar rafliða á hálendinu	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
10. Frekari lagningar rafliða á láglandi	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5

17. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að heimsejla gestastofur vamsafls- eða jarðvarmavirkjana?

engin	lítil	einhver	frekar mikinn	mjög mikinn	engar skoðun
<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6

18. Hvað finnst þér um eftiralin mannviki á svæðinu?

	mjög óskilleg	frekar óskilleg	áætunleg	frekar áskilleg	mjög áskilleg	veit ekki
1. Öppbyggingar malarvegir	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
2. Öppbyggingar malarvegir	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
3. Vegir með bundun slúðri	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
4. Heilsisvegir	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
5. Akbrýr á vatnsföllum	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
6. Vatnsaflsvirkjanir	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
7. Jarðvarmavirkjanir	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
8. Uppistöðlón	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
9. Raflium	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
10. Vandmyllar	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
11. Hótel	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
12. Fjallaskálar	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
13. Tjaldstöði	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
14. Verslanir/veitingastaðir	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
15. Bensinstöðvar	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
16. Salerni	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
17. Matsala	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
18. Gestastofa	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
19. Fjarstjórastöðvar	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6

19. Kyn 1 Kona 2 Karl 20. Aldur: _____ ár

21. Hvar býrðu (póstnúmer)? _____

22. Hvar muntu gista næstu nótt? _____

23. Hvar gístir þú síðustu nótt? _____

24. Með hverjum ferðast þú?

- 1 Ein/á í ferð 2 Með fjölskyldunni
- 3 Ættingjum/vinum 4 Í skipulagðri hópferð
- 5 Vinnum-/klúbbsfélagnum 6 Öðrum, hverjum? _____

25. Hvernig ferðast þú? Vinsamlega merkið við alla kosti sem eiga við

- 1 Á eigin bíl 2 Á bílaleigubíl 3 Í hópferðabíl
- 4 Á mótorhjól 5 Hjólandi 6 Gangandi
- 7 Ríðandi 8 Öðrvisi, hverjum? _____

26. Við hvað starfar þú?

- 1 Nemandi 2 Skrifstofu-/þjónustustörf
- 3 Ófagkerfi/ur 4 Eftirlitnaþegi
- 5 Stjórnunarstörf 6 Sérhæfð reki- og iðndarstörf
- 7 Heimavinnandi 8 Sérfræðingur (lektur, lögfræðingur, kennari, o. s. frv.)
- 9 Annað: _____

